



Alþingi
Erindi nr. P/38/328
komudagur 30.11.2009

Nefndasvið Alþingis
berist umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 25.11.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 9. mál**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um hagsmuni Íslands í loftslagsmálum, 9. mál.

Landsvirkun fagnar góðum skilningi alþingismanna og ríkisstjórnar á þýðingu hins svokallaða „íslenska ákvæðis“ sem og vilja sem er um að viðhalda því, eða ígildi þess eftir að skuldbindingartímabili Kyotobókunarinnar lýkur í árslok 2012. Eins og nánar verður vikið að hér á eftir stuðlar ákvæðið að minni losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu samtímis sem það eykur arðsemi orkufreks iðnaðar hér á landi. Málflutningur flutningsmanna tillögunnar og umhverfisráðherra við fyrri umræðu um þessa þingsályktunartillögu gefur tilefni til að ætla að góð samstaða sé um efnisatriði tillögunnar og er fagnaðarefni.

Landsvirkjun fylgist með samningaviðræðum á grundvelli Balívegvisisins sem samþykktur var á þingi aðildaríkja Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál á Balí 2007. Fyrirtækið hefur meðal annars kynnt sér skjöl og tillögur sem Ísland hefur lagt fram. Það er ánægjulegt að allar ríkisstjórnir sem hafa settið við stjórnvölinn á Íslandi frá því að Balívegvisirinn var samþykktur fyrir hartnær tveimur árum hafa í skjölum sem þær hafa sent inn í samningsferlið lagt áherslu á að „íslenska ákvæðið“ eða ígildi þess gildi áfram.

Í upphafi samningsferilsins, þann 24. febrúar 2008, sendi Ísland tillögur þar sem vikið er að losun frá orkufrekum iðnferlum og bent á að „geiranálgun“ („sectoral approach“) geti hentað til að lágmarka losun. Hugsunin virðist vera svipuð og Ísland lagði upp með þegar byrjað var að undirbúa Kyotobókunina árið 1995, þ.e. að eðlilegra væri að setja kröfur um losun frá tiltekinni starfsemi fremur en á einstök ríki. Síðar á árinu 2008 voru sendar inn tillögur m.a. um „Íslenska ákvæðið“, endurnýjanlega orkugjafa og bindingu kolefnis.

Á þessu ári hefur Ísland sent inn tillögur í báða samningsferlana a.m.k. þrisvar sinnum. Sú fyrsta var send inn 15. febrúar og sú næsta þann 24. apríl. Í bæði skiptin er lögð áhersla á að „Íslenska ákvæðið“ gildi á nýju skuldbindingartímabili. Þann 29. maí sl. samþykkti ríkisstjórnin að stefna að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 15% til 2020, miðað við

árið 1990. Þetta markmið var tilkynnt á samningafundi í byrjun júní. Í skjali um töluleg markmið sem einstök ríki hafa sett sér og tekið er saman af skrifstofu rammasamningsins kemur skýrt fram að ofangreint markmiðið sé m.a. háð því að „Íslenska ákvæðið“ gildi áfram. Í fréttatilkynningu umhverfissráðuneytisins um samþykkt ríkisstjórnarinnar segir m.a.: „Fyrir liggur að losun frá stóriðju á Íslandi mun falla undir reglur viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir eftir 2012, samkvæmt EES-samningnum. Þá munu öll stóriðjufyrirtæki í Evrópu, þar á meðal á Íslandi, sitja við sama borð. Vegna þess(a) er líklegt að ákvörðun 14/CP.7, eða hið svokallaða íslenska ákvæði falli brott þegar reglur ESB um losun gróðurhúsalofttegunda frá stóriðju taka gildi 1. janúar 2013. Þá verður ákvörðun um losunarheimildir til stóriðju ekki lengur í höndum íslenskra stjórnvalda.“

Eins og fram kemur í fréttatilkynningunni hefur tilskipun ESB um viðskiptakerfi með losunarheimildir verið tekin inn í samninginn um evrópska efnahagssvæðið og ætla má að svo eigi einnig við um breytingar sem gerðar voru á henni í apríl á þessu ári. Sömu reglur munu því gilda um losunarheimildir fyrirtækja á Íslandi og í ESB ríkjum. Í fréttum frá umhverfissráðuneyti hefur komið fram að viðræður standa yfir við ESB um að Ísland leggi losunarheimildir sínar í pott með ESB og taki á sig sameiginlegar skuldbindingar með ESB ríkjunum á næsta skuldbindingartímabili. Þannig myndi Ísland taka að fullu upp loftslagslöggjöf ESB og öll losun frá Íslandi verða talin með losun ESB ríkjanna gagnvart samningnum. Stóriðjufyrirtækin fengju þannig úthlutað losunarheimildum samkvæmt því kerfi, en önnur starfsemi á Íslandi sem falla undir viðskiptakerfið myndi lúta sömu reglum og í ESB ríkjunum. Hér verður því um nokkurs konar „geiranálgun“ að ræða með þeim hætti sem Ísland lagði upp með í upphafi Kyótóferilsins. Fram hefur komið að umhverfissráðherra opnaði þetta mál á fundi með umhverfissráðherra Svíþjóðar í lok júní sl. og að viðræður sem hófust í framhaldi af því gangi vel. Landsvirkjun sýnist að margt myndi vinnast með slíku samstarfi þó ekki sé unnt að meta það fyrr en allar upplýsingar liggja fyrir. Það myndi væntanlega tryggja stóriðjufyrirtækjum sömu heimildir og þau fengju annars staðar í ríkjum ESB og að ný fyrirtæki gætu sótt um heimildir í sameiginlegan pott. Landsvirkjun er þó ekki ljóst eftir hvaða meginreglum verður farið þegar nýjum fyrirtækjum verður úthlutað heimildum og getur því ekki lagt mat á takmarkanir sem þær munu hafa í för með sér. Landsvirkjun leggur áherslu á að mikilvægt er að halda vísuninni í „Íslenska ákvæðið“ þar til niðurstaða í viðræðum við ESB liggur fyrir.

Landsvirkjun telur rétt að minna á að „Íslenska ákvæðið“ byggir á ákvörðun sem samþykkt var á 3. aðildarríkjaþinginu í Kyótó. Ákvörðunin miðaði að því að taka á vanda ríkja þar sem einstök verkefni hefðu hlutfallslega mikil áhrif á losun á skuldbindingartímabilinu. Öll útfærslan var þó eftir. Á 6. Aðildarríkjaþinginu í Haag árið 2000 lá endanlegur texti „Íslenska ákvæðisins“ fyrir. Ákvæðið tryggir að ríkin geti nýtt endurnýjanlegar orkulindir þegar nýtingin leiðir til minni losunar á heimsvísu, þó henni fylgi aukin losun á landsvísu. Ákvæðið er auk þess skilyrt við að um þurfi að vera að ræða losun á koltvíoxíði sem óhjákvæmilega myndast við framleiðsluferli í iðnaði og nokkur önnur skilyrði. Ákvæðið er því í fullu samræmi við lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Afar ólíkegt er að hægt hefði verið að afla stuðnings við ákvæðið ef svo væri ekki. Ákvæðið er ekki bundið við Ísland, en ekkert annað land hefur getað nýtt það vegna skilyrða sem þurfa að vera uppfyllt.

Samkvæmt yfirliti frá International Aluminium Institut var um 53,9% raforku sem notuð var til að framleiða ál á sl. ári unnin í vatnsorkuverum, um 3,9% í kjarnorkuverum og um 42,2% í varmaorkuverum sem nýta kol, jarðgas eða olíu. Miðað við skiptingu raforkuvinnslu til



álframleiðslu árið 2008 og losun koltvíoxíðs frá raforkuvinnslu með jarðefnaeldsneyti má gera ráð fyrir að losun á koltvíoxíði frá raforkuverum sem anna álframleiðslu í heiminum hafi verið 0,34 tCO₂/MWh (tonn af koltvíoxíði á megavattstund). Landsvirkjun seldi 10.330.000 MWh til álvera og járnblendiverksmiðjunnar á árinu 2008 og má miðað við þessar forsendur áætla að sú sala hafi dregið úr losun á heimsvísu sem nemur um tæplega 3,5 milljónum tonna af koltvíoxíði. Ef öll þessi raforka kæmi frá kolaorkuverum hefði losunin frá þeim numið um 9,5 milljónum tonna. Til samanburðar var losun frá Íslandi árið 2007 4,5 milljónir tonna. Landsvirkjun telur að þessar tölur sýni með ótvíræðum hætti að það sé til hagsbóta fyrir loftslagskerfið að nýta endurnýjanlegar orkulindir á Íslandi til orkufreks iðnaðar.

Í skýrslu Umhverfisstofnunar til skrifstofu rammasamningsins fyrir árið 2007, „*National Inventory Report. Iceland 2009. Submitted under the United Nations Framework Convention on Climate Change*“, kemur fram að um 669 þúsund tonna losun hefðu fallið undir „íslenska ákvæðið“ á því ári. Jafnframt kemur fram að ef raforku vegna verkefna sem hefðu fallið undir ákvæðið hefði verið aflað með kolum hefði losun á heimsvísu aukist um 4 milljónir tonna af koltvíoxíði.

Ætla má að á þessu ári muni Ísland telja fram undir „íslenska ákvæðinu“ tæplega 1,2 milljóna tonna losun á koltvíoxíði. Miðað við verð á heimildum í nóvember 2009, myndi þurfa að greiða 16 – 17 milljónir evra ef kaupa ætti þessar heimildir á markaði, eða um 3.000 milljónir króna. Það er því miklir hagsmunir í húfi fyrir Ísland að viðhalda ákvæðinu eða ígildi þess.

Að lokum: Skilyrtar viðbótarlosunarheimildir til Íslendinga samkvæmt „íslenska ákvæðinu“ eru að mati Landsvirkjunar lóð á vogarskál til lausnar loftslagsvandans, en ekki hluti af vandanum eins og stundum er haldið fram í umræðu hér á landi. „Íslenska ákvæðið“ kann að verða fordæmi um hvernig leysa má vanda einstakra þróunarríkja og stuðla um leið að minni losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu. Íslenska ákvæðið fékk stuðning alþjóðasamfélagsins, vegna þess að mikill skilningur var á mikilvægi þess að nýta endurnýjanlegar orkulindir. Staða íslenskra stjórnvalda ætti því að vera sterk í þeim viðræðum sem eru hafnar um þá tilhögun er tekur við á árinu 2013. Landsvirkjun telur mikilvægt að „íslenska ákvæðið“ eða ígildi þess gildi áfram eftir að skuldbindingartímabili Kyótóbókunarinnar lýkur.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

